

Borgarstjórn
19. mars 2019

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að hæstu laun verði aldrei hærri en þreföld lægstu laun

Borgarstjórn samþykkir að marka stefnu í launamálum sem kveður á um að hæstu laun þeirra sem starfa fyrir Reykjavíkurborg verði aldrei hærri en þreföld lægstu laun starfsmanna borgarinnar. Tillagan nær til alls starfsfólks Reykjavíkurborgar og kjörinna fulltrúa borgarinnar. Í launum eru t.a.m. meðtaldar þær greiðslur sem kjörnir fulltrúar fá ofan á grunnlaun sín vegna setu í nefndum og ráðum. Með því að tengja upphæð hæstu launa við lægstu launin tryggjum við að ákveðið samhengi sé á milli launagreiðslna Reykjavíkurborgar og að launabil á milli hinna hæst launuðu og lægst launuðu verði ekki margfalt. Sem dæmi má nefna að ef lægstu mánaðarlaun miðast við 425.000 krónur eftir þrjú ár, líkt og kröfur Starfsgreinasambandsins gera ráð fyrir, yrðu hæstu mánaðarlaun ekki hærri en 1.275.000 krónur. Lagt er til að fjármálaskrifstofu verði falið að hefja undirbúning að innleiðingu í samvinnu við mannauðsdeild og kjaranefnd Reykjavíkurborgar sem komi með tillögur að útfærslu hvað varðar launabil þeirra ólíkra starfstétta sem starfa við Reykjavíkurborg. Í þeirri vinnu verði unnið með stjórnnum og framkvæmdastjórum B-hluta fyrirtækja. Verði þeirri vinnu ekki lokið fyrir 1. júní n.k., þegar nýtt stjórnskipulag Reykjavíkurborgar tekur gildi og fjármálaskrifstofa verður lögð niður, er lagt til að fjármála- og áhættustýringarsvið taki við þeirri vinnu.

Greinargerð:

Umræður um tekjuskiptingu og kjör launafólks hafa verið miklar í ljósi þess að bilið á milli þeirra sem eru vel staddir fjárhagslega og þeirra sem eru það ekki fer sífellt vaxandi í samfélaginu okkar. Á sama tíma og við heyrum fregnir af gríðarlegum launahækkunum forstjóra fylgjumst við með baráttu láglaunahópa fyrir mannsæmandi kjörum. Það er gríðarlega mikilvægt að hækka laun þeirra lægst launuðu en að sama skapi er mikilvægt að fyrirtæki og stofnanir móti framtíðarstefnu í starfskjaramálum hvað varðar ásættanlegt launabil á milli hinna hæst launuðu og lægst launuðu.

Sé litið til Reykjavíkurborgar, sýna tölur fram á að um sexfaldur munur er á hæstu og lægstu launum, sé litið til launa borgarstjóra annarsvegar og lágmarkslauna innan borgarinnar hinsvegar. Þá má nefna að grunnlaun borgarfulltrúa eru rúmlega tvöfalt hærri en lægstu laun borgarstarfsmanna. Í september á síðasta ári höfðu grunnlaun borgarfulltrúa hækkað um 22,4% frá því að borgarstjórn ákvað í apríl 2017 að binda laun kjörinna fulltrúa við þróun launavísitölu. Sé litið til launabróunar þeirra á lægstu laununum er ekki að sjá að þeir hafi notið sömu kjarabótar. Reykjavíkurborg er stærsti vinnustaður landsins og mikilvægt er að hún setji fram heildstæða stefnu í launamálum. Núverandi launastefna Reykjavíkurborgar fjallar ekki með þessum hætti um launabil á milli ólíkra starfstétta borgarinnar. Út frá umræddri tillögu stendur valið á milli þess að lækka hæstu laun eða að hækka lægstu laun.

Áður fyrr miðuðu laun borgarstjóra við laun forsætisráðherra og laun borgarfulltrúa miðuðu við 78,82% af þingfararkaupi. Nú hækka laun borgarstjóra út frá launavísitölu og hið sama er að segja um laun borgarfulltrúa, þar sem borgarstjórn samþykkti í apríl 2017 að launin myndu fylgja launavísitölu. Jákvætt var að sjá að með því hafnaði borgarstjórn tillögu að enn frekari launahækkunum út frá úrskurði Kjararáðs en það er þó mikilvægt að auka samræmið á milli launa innan Reykjavíkurborgar. Með því að fastsetja lægstu laun við þriðjung af upphæð hæstu launa er verið að tryggja ákveðið samhengi á milli launa og að launabróun framtíðarinnar leiði aldrei til þess að ákveðnar starfsstéttir fari langt framúr öðrum í launahækkunum. Þessi tillaga er lögð fram sem liður í átt að réttlátari tekjuskiptingu og auknum jöfnuði.